

Gistiskýrslur 2009

Tourist accommodation 2009

Samantekt

Heildarfjöldi gistinátta var 2,9 milljónir árið 2009, en það er um 6,6% aukning frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði milli ára á öllum tegundum gistaða nema hótélum og gistiheimilum, en þar var fjöldi gistinátta svipaður. Gistinóttum fjölgaði um 29% á tjaldsvæðum, 23% á heimagististöðum, 18% á farfluglaheimilum og í orlofshúsabyggðum. Gistinóttum fjölgaði einnig um 15% í skálum í óbyggðum og 13% á svefnpokagististöðum.

Eftir landsvæðum fjölgaði gistinóttum hlutfallslega mest á Suðurlandi, um 20%, en á Vestfjörðum um 17,6%, á Norðurlandi vestra um 17,3% og á Austurlandi um 7,8%. Gistinætur á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum fjölgaði um 7% frá árinu 2008 en fjöldi gistinátta á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi var svipaður á milli ára.

Inngangur

Hagstofa Íslands hóf reglubundna söfnun upplýsinga um framboð á gistirými og fjölda gistinátta í júní 1984. Öflun gagna tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að orlofshúsum félagasamtaka undanskildum. Árið 1995 var byrjað að afla upplýsinga um gestafjölda auk gistinátta í því skyni að kanna meðallengd dvalar á gistaða.

Niðurstöður

Hér á eftir eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir hvern flokk gistaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur, meðaldvalarlengd og nýtingu eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðernum gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gistaðir eru of fáir á hvoru svæði um sig til að unnt sé að birta niðurstöður.

Meginefni þessa rits er gistináttatalningin en auk þess er í töflu 23 birt yfirlit yfir gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum og útgjöld Íslendinga erlendis 1995–2009. Töflurnar ná sumar hverjar aftur til ársins 2005 en ýtarlegra talnaefni er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofunnar, www.hagstofa.is.



Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fjölgað um 6,6%

Heildarfjöldi gistinátta var 2.917.193 árið 2009 sem er 6,6% aukning frá árinu 2008 þegar gistinætur voru 2.735.989.¹ Gistinætur Íslendinga voru 851.105 (7,3% aukning) og útlendinga 2.066.088 (6,4% aukning), en gistinætur útlendinga voru 70,8% af heildarfjölda gistinátta árið 2009. Fjölgun gistinátta nær til flestra þjóðerna en sem fyrr eru gistinætur Þjóðverja flestar. Þá Breta og þar næst Frakka. Frá árinu 2008 fjölgaði gistinóttum íbúa frá öðrum Asíulöndum mest eða um rúm 40%, gistinóttum Austurríkismanna fjölgaði um 25% og Belga um 23%. Skráningar í flokkinn „þjóðerni óþekkt“ voru 129.022 árið 2009 en voru 127.368 árið 2008. Nú er unnt að flokka alla gesti eftir þjóðerni eða svæðum og fækkar þá vonandi skráningum gesta í flokknum „þjóðerni óþekkt“ en það eykur gæði gagnanna.

Hlutfallslega mest fjölgun á Suðurlandi

Gistinóttum fjölgaði í flestum landshlutum árið 2009. Aukningin var mest á Suðurlandi þar sem gistinóttum fjölgaði um 20,3% frá árinu 2008. Á Vestfjörðum fjölgaði gistinóttum um 17,6%, á Norðurlandi vestra um 17,3%, á Austurlandi 7,8%, á Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum um 7%. Á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi stóð fjöldi gistinátta nokkurn veginn í stað frá árinu 2008 (sjá töflu 4, bls. 16).

Tafla 1. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2009

Table 1. Number of overnight stays by type of accommodation 2009


Gistinætur <i>Overnight stays</i>	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Allar tegundir gististaða <i>All accommodation establishments</i>	2.917.193	851.105	2.066.088
Þar af <i>Thereof</i>			
Hótel og gistiheimili <i>Hotels and guesthouses</i>	1.939.667	385.740	1.553.927
Heimastistaðir <i>Private home accommodation</i>	53.271	15.252	38.019
Orlofshúsabyggðir <i>Holiday centres</i>	113.571	46.549	67.022
Farfuglaheimili <i>Youth hostels</i>	143.387	16.630	126.757
Svefnpokagististaðir <i>Sleeping-bag facilities</i>	30.992	14.412	16.580
Tjaldsvæði <i>Camping sites</i>	568.708	340.180	228.528
Skálar í óbyggðum <i>Lodges in wilderness</i>	67.597	32.342	35.255

Gistinóttum fjölgaði á öllum tegundum gististaða nema hótélum og gistiheimilum en þar var fjöldi gistinátta svipaður og árið 2008. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á tjaldsvæðum eða um 28,7%, á heimastistöðum um 22,7%, á farfuglaheimilum um 17,8%, í orlofshúsabyggðum um 17,6%, í skálum í óbyggðum um 14,9% og svefnpokagististöðum um 13,4% (sjá töflu 5, bls. 17).

¹ Áður útgefnar tölur fyrir árið 2008 hafa breyst lítillega vegna nýrra upplýsinga.

Mynd 1. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2009

Figure 1. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2009



Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

Tafla 2. Gistinætur á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2009*

Table 2. Overnight stays in all types of accommodation establishments by region 2009*

	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	2.917.193	851.105	2.066.088
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.135.095	138.258	996.837
Suðurnes <i>Southwest</i>	91.454	15.546	75.908
Vesturland <i>West</i>	199.279	114.634	84.645
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	109.833	60.070	49.763
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	104.479	53.137	51.342
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	411.833	162.715	249.118
Austurland <i>East</i>	271.102	71.936	199.166
Suðurland <i>South</i>	594.118	234.809	359.309


* Sjá Íslandskort með landsvæðaskiptingu á baksíðu. See map of Iceland with regional division on back cover.

66,5% gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Árið 2009 voru 66,5% gistinátta á hótélum og gistiheimilum og 19,5% á tjaldsvæðum. Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Greinilegur munur er á vali Íslendinga og útlendinga á gististöðum og áfangastöðum á ferðalögum. Þannig voru 45% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum árið 2009 en 75% gistinátta útlendinga. Einnig eru 40% gistinátta Íslendinga á tjaldsvæðum árið 2009 en einungis 11% gistinátta erlendra ríkisborgara. Athygli vekur að gistinóttum Íslendinga á tjaldsvæðum árið 2009 fjölgar um 33% frá árinu 2008 en á sama tíma fækkar gistinóttum Íslendinga á hótélum og gistiheimilum um 10% (sjá töflur 5, 6, 7, bls. 17–19 og myndir 2 og 3, bls. 4).

Mynd 2. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2009

Figure 2. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2009




Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

39% allra gistinátta eru á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2009 voru 39% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu en 42% árið 2008. Tæplega helmingur gistinátta útlendinga var á höfuðborgarsvæðinu en töluverður munur er þó á vali áfangastaða eftir ríkisfangi. Norðurlandabúar velja höfuðborgarsvæðið fram yfir landsbyggðina þar sem 70,9% gistinátta þeirra eru. Aðrir Evrópubúar vorðu hins vegar aðeins 39,2% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu, 19,5% gistinátta þeirra voru á Suðurlandi, 14,5% á Norðurlandi eystra og 12% á Austurlandi. Aðrar þjóðir vorðu 60,2% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 8, bls. 20).

Mynd 3. Gistinætur útlendinga eftir tegund gististaða 2009

Figure 3. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2009



Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.


Meðaldvalarlengd Meðaldvalarlengd hélst nánast óbreytt milli ára á öllum tegundum gistaða en meðaldvalarlengd 2009 var 1,6 nætur en hefur verið 1,7 nætur undanfarin ár (sjá töflur 9 og 10, bls. 21–22).

52,8% fjölgun gistinátta á 10 árum

Töluverð aukning hefur orðið á heildarfjölda gistinátta síðustu 10 ár. Árið 1999 voru gistinætur á öllum tegundum gistaða 1.685.442 en árið 2009 voru þær 2.917.193 sem er 73% aukning og jafngildir 9% árlegum meðalvexti. Á þessum tíma hefur gistinóttum útlendinga fjölgað um 87% og gistinóttum Íslendinga um 46%.

Mynd 4. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2009, allar gerðir gistaða


Figure 4. Overnight stays of Icelanders by region 2009, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Mynd 5. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2009, allar gerðir gistaða

Figure 5. Overnight stays of foreigners by region 2009, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hótel og gistiheimili

0,3% fækkun gistinátta á hótélum og gistiheimilum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fækkaði 0,3% milli ára 2008 og 2009. Gistinætur voru 1.939.667 á árinu 2009 og fækkaði um 6.600 frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga fækkaði um 10,1% en gistinóttum útlendinga fjölgaði um 2,4% frá árinu 2008. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 0,9% en heildarfjöldi gistinátta á öðrum landsvæðum var svipaður og árið 2008. Frá árinu 2008 hefur gistirými á hótélum og gistiheimilum dregist saman, herbergjum fækkaði um 0,9% og rúmum um 1,7%.

Tafla 3. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2009

Table 3. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2009


	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	1.939.667	385.740	1.553.927
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.043.257	133.206	910.051
Suðurnes <i>Southwest</i>	74.221	14.135	60.086
Vesturland <i>West</i>	77.271	25.317	51.954
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	56.098	26.352	29.746
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	47.713	19.790	27.923
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	224.084	66.407	157.677
Austurland <i>East</i>	148.340	27.590	120.750
Suðurland <i>South</i>	268.683	72.943	195.740

Hlutfallslega mest aukning á Vestfjörðum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði frá árinu 2008 á Vestfjörðum um 11%, á Norðurlandi eystra um 6,5%, á Norðurlandi vestra um 6,3%, á Suðurnesjum um 4,4% og á Suðurlandi um 4,0%. Gistinóttum fækkaði frá árinu 2008 á Vesturlandi um 26,8%, Austurlandi um 2,7% og höfuðborgarsvæðinu um 0,9%. Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2009 voru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða 53,8%. Á Suðurlandi voru 13,9% gistinátta, 11,6% á Norðurlandi eystra og 7,6% á Austurlandi. Á hótélum og gistiheimilum hefur hlutfall gistinátta útlendinga vaxið með árunum og eru nú rúm 80% gistinátta í þessum flokki (sjá töflu 11, bls. 23).

Mynd 6. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2009


Figure 6. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2009




Note: For English translation of regional division, see table 2.

Lakari nýting herbergja

Nýting herbergja og rúma var svipuð árin 2008 og 2009. Nýtingin dróst þó aðeins saman yfir árið og fór úr 47,4% í 46,0%. Nýting rúma var 37,7%, en það er svipað og árið 2008 þegar nýtingin var 37,4%. Nýting herbergja var lakari á öllum landsvæðum alla mánuði ársins 2009 miðað við árið 2008 (sjá töflur 13 og 14, bls. 25-26).

Mynd 7. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2009*Figure 7. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2009*

Note: For English translation of regional division, see table 2.

Mynd 8. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir þjóðerni 2009*Figure 8. Overnight stays in hotels and guesthouses by citizenship 2009*


Note: For English translation of regional division, see table 2.

Heimtur um 95%

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum hafa verið um og yfir 95% af heildarfjölda gistinátta í hverjum mánuði. Upplýsingar um gistirými eru til fyrir alla staði sem tilheyra þessum flokki. Áætlanir um nýtingu gistirýmis og skiptingu gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því nokkuð öruggar.

Mynd 9. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2009

Figure 9. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2009



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?

Til hótela og gistiheimila teljast hótél, hótélíbúðir og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótelpjónustu, þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 66% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gliststöðum í þessum flokki.

Hótél


Gistinóttum á hótélum fækkaði um 0,5%

Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótélum. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru mjög góðar árið 2009.

Gistinætur á hótélum árið 2009 voru 1.333.753 en 1.339.879 árið 2008, sem er 0,5% fækkun milli ára. Gistinóttum útlendinga fjölgaði um 2,1%, en gistinóttum Íslendinga fækkaði um 9,9%. Gistinóttum á hótélum fækkaði á öllum landsvæðum nema Norðurlandi og Suðurlandi. Á Norðurlandi fjölgaði gistinóttum um 7,1% og á Suðurlandi um 6,6% frá árinu 2008. Samanborið við árið 2008 fækkaði gistinóttum mest á samanlægðu svæði Vesturlands og Vestfjarða um 19,1%, um 8,4% á Austurlandi, 3,4% á Suðurnesjum og 0,7% á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma fækkaði hótélum um fimm (6,0%). Fjöldi herbergja og rúma dróst saman um 1,2% frá fyrra ári (sjá töflu 16, bls. 28).

Mynd 10. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landsvæðum 2009


Figure 10. Number of hotel rooms by region 2009



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Mynd 11. Gistinætur á hótélum eftir landsvæðum 2009

Figure 11. Overnight stays in hotels by region 2009



Note: For English translation of regional division, see table 2.


Heimagististaðir

Aukning gistinátta um 23% á heimagististöðum

Gistinætur á heimagististöðum árið 2009 voru 53.271 en 43.412 árið 2008, sem jafngildir 23% aukningu á milli ára. Gistinóttum á heimagististöðum fjölgaði í öllum landshlutum mest á Norðurlandi eystra um 49%, um 48% á Vestfjörðum, 36% á Austurlandi og 27% á Norðurlandi vestra. Fjölgun gistinátta milli árana 2008 og 2009 nær bæði til útlendinga (26%) og Íslendinga (16%). Gistirými í flokki heimagististaða jókst á milli ára og fjölgaði gístitöðum úr 116 í 120 og rúmum úr 946 í 974, eða 3% (sjá töflu 17, bls. 28).

Mynd 12. Gistinætur á heimagististöðum eftir landsvæðum 2009

Figure 12. Overnight stays at private-home accommodations by region 2009



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvaða staðir flokkast sem heimagististaðir?

Til heimagististaða telst öll gisting á einkaheimilum hvort sem er í kaupstöðum eða á sveitabýlum. Bændur eru ósjaldan með eitt til tvö sumarhús að auki og þar sem erfitt hefur reynst að fá þessa gistingu nákvæmlega aðgreinda frá hefðbundinni heimagistingu er sú gisting talin með heimagistingunni. Leigi bændur sumarhús sín stéttar- eða starfsmannafélögum er sú gisting ekki meðtalin hér. Ef um er að ræða þrjú eða fleiri sumarhús eða smáhýsi flokkast gististaðurinn með orlofshúsabyggðum.

Orlofshúsabyggðir

17,6% aukning gistinátta í orlofshúsabyggðum


Gistinætur í orlofshúsabyggðum voru 113.571 árið 2008 en 96.536 árið áður, sem er 17,6% aukning milli ára. Gistinóttum Íslendinga í orlofshúsabyggðum fjölgaði um 20,6% og gistinóttum útlendinga um 15,6% samanborið við árið 2008. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum nema á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða þar sem þeim fækkaði um 7,6% milli ára. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Norðurlandi um 43,1%, á Austurlandi um 18,6% og á Suðurlandi um 16,3% (sjá töflu 18, bls. 29).

Hvað er orlofshúsabyggð?

Orlofshúsabyggð er sumarhúsa- eða smáhýsahverfi með a.m.k. þremur húsum. Umfang orlofshúsagistingar er mun meira en heimagistingar þegar þessar tvær tegundir gistingar eru reknar samhliða. Hér er einungis átt við sumarhús sem leigð eru út í hagnaðarskyni, ekki t.d. sumarhús stéttar- og starfsmannafélaga. Ekki er auðvelt fyrir gististaðaeigendur að fylgjast nákvæmlega með fjölda gesta í sumarhúsunum. Oftast er hægt að fylgjast með fjölda gesta þegar útlendingar eiga í hlut en það er erfiðara með Íslendinga. Umsjónarmönnum hefur því verið benti á að þegar tala gesta er mjög á reiki skuli taka mið af skráðu gistirými hússins. Gistinætur í húsi með gistirými fyrir fjóra í eina nótt teljast því fjórar. Þess má geta að gistináttatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Mynd 13. Gistinætur í orlofshúsabyggðum eftir landsvæðum 2009

Figure 13. Overnight stays in holiday centres by region 2009



Note: For English translation of regional division, see table 2.


Farfuglaheimili

Fjöldi gistinátta eykst um 17,8% milli ára

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 143.387 árið 2009, en það jafngildir 17,8% aukningu frá árinu 2008 þegar gistinætur voru 121.690. Stærstur hluti gistinátta á farfuglaheimilum hefur ævinlega verið vegna útlendinga og var svo einnig árið 2009 eða 88,4%. Gistinóttum útlendinga fjölgaði milli ára um 18,3% en gistinóttum Íslendinga um 14,6%. Gistinóttum fjölgaði á öllum landsvæðum, hlutfallslega mest á Austurlandi um 29,5%, á samanlögðu svæði höfuðborgar, Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða um 18,5%, á Norðurlandi um 14,6% og á Suðurlandi um 12,3%. Farfuglaheimili eru fá og því eru birtar samandregnar niðurstöður fyrir höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði í heild (sjá töflu 19, bls. 30).

Mynd 14. Gistinætur á farfuglaheimilum eftir landsvæðum 2009

Figure 14. Overnight stays in youth hostels by region 2009



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Farfuglaheimili voru 31 á landinu með starfsemi árið 2009 og fjölgaði um 6 frá fyrra ári. Rúmum fjölgaði um 8,9%, úr 1130 árið 2008 í 1231 árið 2009.

Hvað eru farfuglaheimili?

Farfuglaheimili bjóða gistingu í rúmum með sæng og kotta en gestir þurfa að hafa með sér sængurföt eða leigja þau á staðnum. Gestir geta einnig notað eigin svefn-poka. Öll farfuglaheimili eru í Bandalagi íslenskra farfugla sem á aðild að Alþjóða-samtökum farfugla (IYHF).

Svefnpokagististaðir

Gistinóttum fjölgar um 13,4% á svefnpokagististöðum


Gistinætur á svefnpokagististöðum voru 30.992 árið 2009 en 27.339 árið áður og fjölgar því um 13,4% milli ára. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum en hlutfallslega mest á Norðurlandi vestra um 51,3% (sjá töflu 20, bls. 31).

Íslendingum fjölgar

Gistinóttum Íslendinga á svefnpokagististöðum fjölgaði frá árinu 2008 um 23,1% og útlendinga um 6,1%. Starfandi svefnpokagististaðir voru 45 árið 2009 eða tveimur færri en árið 2008.

Mynd 15. Gistinætur á svefnpokagististöðum eftir landsvæðum 2009

Figure 15. Overnight stays in sleeping-bag facilities by region 2009



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvaða gististaðir flokkast sem svefnpokagististaðir?

Svefnpokagististaðir geta verið sumarhótel, félagsheimili og skólar sem selja gistingu í svefnpokum á gólfðýnum í stórum vistarverum. Ýmis gistiheimili bjóða upp á svefnpokagistingu í rúmum en sú gisting telst með gistingu í uppþúnum rúmum gistiheimilanna. Víða er boðin svefnpokagisting í tengslum við niðjamót, skólaferðalög og íþróttamót. Þegar um niðjamót er að ræða er gjaldtaka sjaldnast í beinum tengslum við fjölda gesta, heldur eru húsin/salirnir leigðir út gegn föstu gjaldi og geta gestir þá valið um hvort þeir gista inni eða í tjaldi. Í þessum tilvikum hefur verið gefinn upp fjöldi gesta á mótinu þannig að tjaldgisting í tengslum við ættarmót er innifalin í svefnpokagistingunni eða öfugt. Þetta á sérstaklega við um Suðurland þar sem mikið er um ættarsamkomur. Mikilvægt er að hafa í huga að gistináttatalningin nær einungis til gistingar þar sem greiðsla er krafist. Gisting skólabarna í skólum og íþróttahúsum yfir veturinn fellur því sjaldan undir svefnpokagistingu.

Tjaldsvæði

Gistinóttum fjölgað um 28,7%

Gistinætur á tjaldsvæðum á landinu voru 568.708 árið 2009 en voru 441.927 árið 2008 og hafa því aukist um 28,7% milli ára. Fjölgun gistinátta er bæði vegna Íslendinga 33,1% og útlendinga 22,6%. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði hlutfallslega mest á Suðurlandi um 67,4%, á Vestfjörðum um 46%, á Vesturlandi um 27,5%, á samanlögðu svæði Suðurnesja og höfuðborgar um 24,5% og á Norðurlandi vestra um 14%.

Fjöldi tjaldsvæða árið 2009 voru 143 og hefur þeim fjölgað um 11 frá árinu 2008. Tjaldsvæðum fjölgaði í öllum landshlutum nema á Suðurlandi. Á Vestfjörðum fjölgaði um 4 tjaldsvæði en annarsstaðar bættust færri við (sjá töflu 21, bls. 32).

Skálar í óbyggðum

*14,9% aukning
gistinátta milli ára*

Gistinætur í skálum í óbyggðum fjölgaði um 14,9% milli ára, voru 67.597 árið 2009 samanborið við 58.830 árið 2008. Gistinætur útlendinga aukast um 25% og Íslendinga um 5,6% frá árinu 2008. Á Suðurlandi, þar sem flestir skálar landsins eru, nam aukning gistinátta 19,4%.

*Skýrslur bárust frá flestum
skálum*

Skálar í óbyggðum voru 47 árið 2009 eða einum fleiri en árið 2008 og bárust Hagstofunni skýrslur frá flestum skálum. Af þessum skálum voru 25 á Suðurlandi. Til þessa flokks teljast þeir gistiskálar sem taka gjald fyrir gistingu.

Fjölgun gistinátta í óbyggðum

Gistinætur í óbyggðum, þ.e. bæði í skálum og á tjaldsvæðum, voru 120.627 árið 2009 en voru 95.231 árið 2008. Þessi fjölgun milli ára nemur 26,7% og má aðallega rekja hana til útlendinga, 49,8% (sjá töflu 22, bls. 33).

Um skýrslugerðina

Upplýsingaöflunin Upplýsingaöflun Hagstofunnar fer þannig fram að gististöðum sem selja gistiþjónustu eru send skýrslueyðublöð til útfyllingar en á þau skal færa fjölda gesta og gistinátta sundurliðaðan eftir ríkisfangslandi. Löndin eru auk Íslands 14 Evrópulönd, þaðan sem flestir ferðamenn koma, svo og Bandaríkin, Kanada og Japan. Til að fá nánari sundurliðun gesta eftir þjóðerni bættust við fjórir flokkar árið 2005 og um leið féll flokkurinn *Öll önnur lönd* út. Þeir eru: *Mið- og Suður-Ameríka, Kína, önnur Asíulönd, Afríka* og *Eyjaálfa*. Aðrir flokkar eru þá *önnur Evrópulönd* og *þjóðerni óþekkt*. Þess má geta að gistináttatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Gistiskýrslum ber að skila inn mánaðarlega í upphafi hvers mánaðar fyrir síðastliðinn mánuð. Hagstofan birtir mánaðarlega á heimasíðu sinni tölur um gistinætur á hótélum en ekki fyrir aðra flokka gististaða.

Heimtur Skýrsluskil hafa verið góð frá flestum tegundum gististaða að undanskilinni heimgistingu, en í þeim flokki hefur þurft tímafrekan eftirrekstur. Þess má geta að um 9% af heildarfjölda gistinátta árið 2009 var áætlaður en 10,9% árið 2008.

Trúnaður Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og miðast töfluggerðin og önnur upplýsingagjöf við það að niðurstöður verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

Áætlanir Árið 1996 var í fyrsta skipti, samkvæmt öruggum heimildum, hægt að áætla heildarfjölda gistinátta fyrir allar tegundir gistingar. Áætlun á fjölda gistinátta á gististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni gistiskýrslur er aðallega byggð á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótélum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum, upplýsingum um fyrri ár, auk annarra upplýsinga. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum, eðli málsins samkvæmt. Áætlun um gistingu á svefnpokagististöðum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á samtölum við þá sem selja gistingu í félagsheimilum og skólum, ferðamálafulltrúum, aðra starfsmenn sveitarfélaga og fleiri. Einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru til. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru eins og áætlanir fyrir svefnpokagististaði, mest byggðar á samtölum við þá sem tengjast ferðaþjónustunni, en einnig er stuðst við eldri gögn ef þau eru til. Útgáfu á niðurstöðum fyrir gistináttatalningu undanfarin tvö ár hefur verið flýtt miðað við útgáfutíma fyrri ára. Þetta var gert til að koma á mótis við þarfir félagasamtaka, hagsmunahópa og einstaklinga í ferðaþjónustu á Íslandi.


English summary

In this issue of Statistical Series, Statistics Iceland presents accommodation statistics in Iceland for the year 2009. Results are presented by overnight stays, arrivals, average length of stay and occupancy rates by different types of accommodation establishments. Figures are broken down by season, region and citizenship of guests.

The total number of overnight stays was 2.9 million in the year 2009, which is a 6.6% increase from the year 2008. From 2008 to 2009 the number of overnight stays increased in all types of accommodation establishments except hotels and guesthouses. The number increased by 28.7% on camping sites, 22.7% in private home accommodation, 17.8% in youth hostels by and 17.6% in holiday centres. The number of overnight stays increased also in lodges in wilderness, 14.9%, and by in sleeping-bag facilities, 13.4%. Statistics Iceland received data from over 94% of hotels and guesthouses in 2009.

Svæðaskipting í skýrslunni

Regional division in this report



Tafla 4. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinguáttanna eftir landsvæðum 2008–2009, allar tegundir gistinguáttanna
 Table 4. Available accommodation and overnight stays by region 2008–2009, all types of accommodation

	Fjöldi gistinguáttanna <i>Number of acc. establishments</i>	Gistinguætur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
2008	696	2.735.989	793.291	1.942.698
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	91	1.139.123	160.048	979.075
Suðurnes <i>Southwest</i>	16	85.463	24.591	60.872
Vesturland <i>West</i>	70	198.510	105.701	92.809
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	76	93.421	49.836	43.585
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	65	89.038	42.319	46.719
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	110	384.957	157.742	227.215
Austurland <i>East</i>	94	251.419	69.085	182.334
Suðurland <i>South</i>	174	494.058	183.969	310.089
2009	720	2.917.193	851.105	2.066.088
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	90	1.135.095	138.258	996.837
Suðurnes <i>Southwest</i>	16	91.454	15.546	75.908
Vesturland <i>West</i>	77	199.279	114.634	84.645
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	79	109.833	60.070	49.763
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	67	104.479	53.137	51.342
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	116	411.833	162.715	249.118
Austurland <i>East</i>	101	271.102	71.936	199.166
Suðurland <i>South</i>	174	594.118	234.809	359.309
Breyting milli ára 2008 og 2009, %				
Change between 2008 and 2009, %	3,4	6,6	7,3	6,4
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	-1,1	-0,4	-13,6	1,8
Suðurnes <i>Southwest</i>	0,0	7,0	-36,8	24,7
Vesturland <i>West</i>	10,0	0,4	8,5	-8,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	3,9	17,6	20,5	14,2
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	3,1	17,3	25,6	9,9
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	5,5	7,0	3,2	9,6
Austurland <i>East</i>	7,4	7,8	4,1	9,2
Suðurland <i>South</i>	0,0	20,3	27,6	15,9

Tafla 5. Fjöldi gistinátta Íslendinga og útlendinga eftir tegund gististaða 2005–2009

Table 5. Number of overnight stays of Icelanders and foreigners by type of accommodation 2005–2009

	2005	2006	2007	2008	2009	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2008–2009	2005–2009
Allar tegundir gististaða							
<i>All types of accommodation</i>	2.232.911	2.457.068	2.662.394	2.735.989	2.917.193	6,6	30,6
Íslendingar <i>Icelanders</i>	682.728	737.928	777.256	793.291	851.105	7,3	24,7
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.550.183	1.719.140	1.885.138	1.942.698	2.066.088	6,4	33,3
Hótel og gistiheimili							
<i>Hotels and guesthouses</i>	1.569.009	1.727.970	1.916.579	1.946.255	1.939.667	-0,3	23,6
Íslendingar <i>Icelanders</i>	360.979	387.148	436.554	429.153	385.740	-10,1	6,9
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.208.030	1.340.822	1.480.025	1.517.102	1.553.927	2,4	28,6
Heimagististaðir							
<i>Private-home accommodation</i>	43.703	45.822	42.665	43.412	53.271	22,7	21,9
Íslendingar <i>Icelanders</i>	14.941	14.426	12.847	13.197	15.252	15,6	2,1
Útlendingar <i>Foreigners</i>	28.762	31.396	29.818	30.215	38.019	25,8	32,2
Orlofshúabyggðir							
<i>Holiday centres</i>	75.729	83.411	95.710	96.536	113.571	17,6	50,0
Íslendingar <i>Icelanders</i>	41.070	43.836	42.740	38.582	46.549	20,6	13,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	34.659	39.575	52.970	57.954	67.022	15,6	93,4
Farfuglaheimili							
<i>Youth hostels</i>	92.548	103.069	114.039	121.690	143.387	17,8	54,9
Íslendingar <i>Icelanders</i>	8.593	9.178	11.994	14.515	16.630	14,6	93,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	83.955	93.891	102.045	107.175	126.757	18,3	51,0
Svefnpokagististaðir							
<i>Sleeping-bag facilities</i>	30.463	34.048	28.473	27.339	30.992	13,4	1,7
Íslendingar <i>Icelanders</i>	13.864	12.239	10.443	11.706	14.412	23,1	4,0
Útlendingar <i>Foreigners</i>	16.599	21.809	18.030	15.633	16.580	6,1	-0,1
Tjaldsvæði							
<i>Camping sites</i>	364.357	401.855	405.993	441.927	568.708	28,7	56,1
Íslendingar <i>Icelanders</i>	215.551	241.676	232.071	255.513	340.180	33,1	57,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	148.806	160.179	173.922	186.414	228.528	22,6	53,6
Skálar í óbyggðum							
<i>Lodges in the wilderness</i>	57.102	60.893	58.935	58.830	67.597	14,9	18,4
Íslendingar <i>Icelanders</i>	27.730	29.425	30.607	30.625	32.342	5,6	16,6
Útlendingar <i>Foreigners</i>	29.372	31.468	28.328	28.205	35.255	25,0	20,0

Tafla 6. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2005–2009

Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2005–2009

	2005	2006	2007	2008	2009	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2008–2009	2005–2009
Heildarfjöldi gistinátta							
Total number of overnight stays	2.232.911	2.457.068	2.644.745	2.735.989	2.917.193	6,6	30,6
Íslendingar <i>Iceland</i>	682.728	737.928	776.572	793.291	851.105	7,3	24,7
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.550.183	1.719.140	1.885.138	1.942.698	2.066.088	6,4	33,3
Danmörk <i>Denmark</i>	101.947	112.640	112.146	113.930	117.384	3,0	15,1
Svíþjóð <i>Sweden</i>	98.414	88.805	103.274	98.815	96.610	-2,2	-1,8
Noregur <i>Norway</i>	75.812	80.773	87.295	87.504	90.779	3,7	19,7
Finnland <i>Finland</i>	27.909	27.404	30.436	30.658	33.391	8,9	19,6
Bretland <i>U.K.</i>	206.640	246.590	268.467	272.349	273.681	0,5	32,4
Írland <i>Ireland</i>	8.900	9.427	11.393	12.601	10.392	-17,5	16,8
Þýskaland <i>Germany</i>	274.234	286.728	307.748	334.841	383.023	14,4	39,7
Holland <i>Netherlands</i>	71.772	82.525	102.125	118.054	114.175	-3,3	59,1
Belgía <i>Belgium</i>	18.917	17.742	23.316	27.657	34.041	23,1	79,9
Frakkland <i>France</i>	127.517	132.808	134.494	150.923	169.989	12,6	33,3
Sviss <i>Switzerland</i>	48.381	50.565	57.295	54.753	59.538	8,7	23,1
Austurríki <i>Austria</i>	23.097	22.368	25.289	30.615	38.347	25,3	66,0
Ítalía <i>Italy</i>	64.785	69.353	74.401	73.835	83.475	13,1	28,8
Spánn <i>Spain</i>	42.806	56.223	63.139	70.699	80.352	13,7	87,7
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	61.537	86.145	97.121	106.478	103.589	-2,7	68,3
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	156.806	154.760	148.651	135.725	141.345	4,1	-9,9
Kanada <i>Canada</i>	12.309	15.329	24.687	30.627	33.301	8,7	170,5
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	2.555	3.263	3.519	4.806	4.646	-3,3	81,8
Japan <i>Japan</i>	25.267	23.131	21.206	20.935	22.204	6,1	-12,1
Kína <i>China</i>	11.506	14.646	16.750	10.094	11.072	9,7	-3,8
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	10.720	13.399	11.738	14.285	20.036	40,3	86,9
Afríka <i>Africa</i>	2.403	2.990	3.119	4.994	4.132	-17,3	72,0
Eyjaálfa <i>Australia</i>	8.035	9.877	8.665	10.152	11.564	13,9	43,9
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	67.914	111.649	148.864	127.368	129.022	1,3	90,0
Heildarfjöldi gestakoma							
Total number of arrivals	1.303.292	1.436.505	1.548.032	1.609.355	1.782.520	10,8	36,8
Íslendingar <i>Iceland</i>	431.891	465.684	490.431	503.338	547.270	8,7	26,7
Útlendingar <i>Foreigners</i>	871.401	970.821	1.057.601	1.106.017	1.235.250	11,7	41,8
Danmörk <i>Denmark</i>	53.917	60.074	58.092	60.813	61.941	1,9	14,9
Svíþjóð <i>Sweden</i>	41.680	38.736	46.031	42.551	41.566	-2,3	-0,3
Noregur <i>Norway</i>	33.030	35.750	38.888	38.121	39.533	3,7	19,7
Finnland <i>Finland</i>	11.149	10.876	13.341	12.552	14.812	18,0	32,9
Bretland <i>U.K.</i>	98.316	116.387	128.241	131.772	128.874	-2,2	31,1
Írland <i>Ireland</i>	4.514	4.847	5.754	6.701	5.575	-16,8	23,5
Þýskaland <i>Germany</i>	167.228	174.701	184.432	204.591	244.379	19,4	46,1
Holland <i>Netherlands</i>	44.990	52.177	65.718	74.832	73.763	-1,4	64,0
Belgía <i>Belgium</i>	12.159	11.850	15.999	19.034	25.566	34,3	110,3
Frakkland <i>France</i>	88.972	97.068	97.593	110.803	130.851	18,1	47,1
Sviss <i>Switzerland</i>	31.709	31.039	35.867	36.069	43.542	20,7	37,3
Austurríki <i>Austria</i>	16.111	15.828	17.524	20.614	27.936	35,5	73,4
Ítalía <i>Italy</i>	48.361	53.007	56.574	55.172	65.285	18,3	35,0
Spánn <i>Spain</i>	30.547	41.352	44.931	51.465	61.713	19,9	102,0

Tafla 6. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2005–2009 (frh.)
Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2005–2009 (cont.)

	2005	2006	2007	2008	2009	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2008–2009	2005–2009
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	32.299	41.456	44.310	52.935	62.041	17,2	92,1
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	76.899	77.107	72.110	66.754	71.473	7,1	-7,1
Kanada <i>Canada</i>	6.501	8.016	11.835	17.603	20.623	17,2	217,2
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	1.439	1.527	1.902	2.416	2.282	-5,5	58,6
Japan <i>Japan</i>	13.855	12.704	10.797	11.205	11.991	7,0	-13,5
Kína <i>China</i>	5.843	7.721	8.537	5.352	6.408	19,7	9,7
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	5.535	7.108	5.481	7.740	12.537	62,0	126,5
Afríka <i>Africa</i>	1.104	1.508	1.356	2.219	1.936	-12,8	75,4
Eyjaálfa <i>Australia</i>	4.490	5.410	4.666	5.978	6.306	5,5	40,4
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	40.753	64.572	87.622	68.725	74.317	8,1	82,4

Tafla 7. Gistinætur eftir tegund gististaða og ríkisfangi gesta 2008–2009
Table 7. Overnight stays by type of accommodation and citizenship of guests 2008–2009

